



Fundargerð

20. fundur framtíðarnefndar Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12

19. maí 2021, kl. 15:00

Viðstaddir: Kolbrún Jóna Pétursdóttir formaður, Andri Örn Víðisson, Styrmir Gauti Fjeldsted, Súsanna Björg Fróðadóttir, Ríkharður Ibsen, Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Betri Reykjaneshær - hugmyndir (2019100329)

Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir, deildarstjóri þjónustu og þróunar mætti á fundinn.

Framtíðarnefnd fór yfir hugmyndir sem íbúar Reykjaneshæjar sendu inn í hugmyndasöfnun á vefnum Betri Reykjaneshær og valdi þær hugmyndir sem kosið verður um í rafrænni íbúakosningu sem fer fram dagana 30. maí til 6. júní nk. Margar góðar hugmyndir komu fram en samtals voru sendar inn 93 hugmyndir og er íbúum þökkuð frábær þátttaka. Nokkrar hugmyndir uppfylltu ekki skilyrði hugmyndasöfnunarinnar en verður komið áfram til skoðunar hjá þeim sviðum Reykjaneshæjar sem fara með viðkomandi málaflokk.

2. Umhverfis- og sjálfbærnimál Reykjaneshæjar (2021010385)

Auglýst hefur verið eftir sjálfbærnifulltrúa í gegnum vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar. Hlutverk hans verður að hafa umsjón og forystu um stefnu og aðgerðaáætlun sem tengjast umhverfis- og sjálfbærnimálum út frá nýrri umhverfis- og loftslagsstefnu Reykjaneshæjar, hafa heildarsýn yfir málaflokkinn ásamt því að styðja við þau verkefni sem tengjast honum þvert á svið og einingar Reykjaneshæjar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.